

Umhverfisstofnun
Áb. _____
15. nóv. 2011
Tilv. _____

Vestmannaeyjabær
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Friðrik Björgvinsson
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. nóvember 2011
Tilvísun: UST20110200117/edk

Endurskoðun ákvörðunar um dagsektir

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dagsett 23. febrúar, 9. maí og 8. júlí 2011, og einnig í sjónarmið rekstraraðila, dagsett 18. mars, 20. apríl og 8. september 2011.


Í bréfi, dagsettu 23. febrúar sl., áformaði Umhverfisstofnun að svipta Bæjarveitur Vestmannaeyja starfsleyfi fyrir Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja þar sem mælingar frá árunum 2004, 2005, 2007, 2008, 2009 og 2010 hafa allar sýnt niðurstöður þar sem rykmagn er allt að þrefalt yfir losunarmörkum í starfsleyfi. Í kjölfar andmæla og sjónarmiða rekstraraðila sem bárust Umhverfisstofnun 18. mars sl. og beiðni um frest til úrbóta dagsett 20. apríl sl. ákvað Umhverfisstofnun að álagning dagsekta væri hæfilegt úrræði til að ná þeim markmiðum sem að var stefnt, sbr. bréf dagsett 9. maí sl. og beita frekar dagsektum þar til viðeigandi úrbótum yrði náð.


Í bréfi dagsettu 8. júlí sl. ákvað Umhverfisstofnun að lækka dagsektirnar, en þann 6. júlí skilaði rekstraraðili inn mæliniðurstöðum sem sýndu að útblástur ryks var komin niður fyrir skekkjumörk. Dagsektir voru þó ekki felldar niður með öllu, því rekstraraðili átti enn eftir að bæta úr öðrum frávikum frá starfsleyfi að mati stofnunarinnar, en fullnægjandi neyðaráætlun vantaði þá enn og of mikil mengun var enn í úrgangsvatni. Síðan þá hefur rekstraraðili bent á að einungis sé vísað til útblásturs ryks í ákvörðunarorðum bréfs, dagsett 9. maí 2011, og óskað eftir því við Umhverfisstofnun að dagsektir yrðu látnar falla niður þar sem bætt hefði verið úr þessu fráviki. Þessi beiðni kom fram á símafundi 5. september milli fulltrúa Umhverfisstofnunar og fulltrúa Vestmannaeyjabæjar, í sjónarmiðum rekstraraðila sem bárust stofnuninni 8. september sl. og á fundi hjá umhverfis- og framkvæmdasviði Vestmannaeyjabæjar þann 27. október sl. með fulltrúum Umhverfisstofnunar, Vestmannaeyjabæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umhverfisstofnun fellst á þau sjónarmið rekstraraðila að skort hafi á skýrleika ákvörðunarinnar hvað varðar þau frávík frá starfsleyfi sem ákvörðun um álagningu dagsekta tók til að öðru leyti en varðar ryk í útblæstri. Í þessu ljósi fellst Umhverfisstofnun á að endurskoða ákvörðun um lækkun dagsekta, sbr. bréf dagsett 8. júlí sl., og fella dagsektir niður frá og með 6. júlí 2011. Tímabil dagsekta hefur nú verið leiðrétt hjá Fjárslu ríkisins og ógreiddar dagsektir fyrir tímabilið 1. júlí til og með 5. júlí verða innheimtar af sýslumanni.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal kærán borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kærán sendist til Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns, Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands